

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 133/2005**

**frá 21. október 2005**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2005 frá 27. apríl 2005 um kröfur, sem gerðar eru til innflytjenda og framleiðenda tiltekinna forgangsefna, um prófanir og upplýsingar í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„12t. **32005 R 0642**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2005 frá 27. apríl 2005 um kröfur, sem gerðar eru til innflytjenda og framleiðenda tiltekinna forgangsefna, um prófanir og upplýsingar í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna (Stjtíð. ESB L 107, 28.4.2005, bls. 14).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 642/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 22. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 107, 28.4.2005, bls. 14.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. október 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.